

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 26. júlí 1971. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Jónsdóttur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Minningarsjóður Guðrúnar Jónsdóttur, og var hann stofnaður með gjafabréfi dags. 17. júní 1945 af skólasystkinum og vinum Guðrúnar, sem fórst með Dettifossi 21. febr. það ár.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er, þegar skipulagsskrá þessi er sett, kr. 45 164.80. Gjafir, er sjóðnum kunna að berast, leggist óskiptar við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

3. gr.

Sjóðurinn er í vörzlu skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og fer með vörzlu hans eftir sömu almennu reglum og um aðra sjóði í vörzlu skólans. Skólameistari ræður einn úthlutun úr sjóðnum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitlar námsmeyjar í Menntaskólanum á Akureyri. Að öðru jöfnu gangi þær fyrir, sem sýnt hafa sérstakan hug á námi tungumála.

5. gr.

Árlega má úthluta úr sjóðnum $\frac{2}{3}$ ársvaxta hans samkv. tilg. 4. gr. en afgangur vaxta leggist við höfuðstólinn. Úthluta má fleiri en einum styrk, ef ástæða þykir til. Úthlutunardagur sé 17. apríl, sem er afmælisdagur Guðrúnar Jónsdóttur. Áður en úthlutun fer fram skal leitað eftir umsóknnum frá námsmeyjum skólans.

6. gr.

Verði einhverntíma gerð sú breyting á skólaskipan á Norðurlandi, að stofnaður verði á Akureyri sérskóli fyrir stúlkur, sem nema vilja til stúdentsprófs, án þess þær fái aðgang að Menntaskólanum á Akureyri, verði sjóðurinn eign þess skóla með sama fyrirkomulagi og skipulagsskrá þessi kveður á um.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.